

**Nd.**

**645. Nefndarálit**

**[220. mál]**

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 90 7. okt. 1965, um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur haft frv. þetta til athugunar ásamt öðrum þeim frv., sem flutt hafa verið á yfirstandandi þingi um breytingar á lögum nr. 90 7. okt. 1965, um tekjuskatt og eignarskatt. Hafa komið til viðræðna við nefndina Sigurbjörn Þorbjörnsson ríkisskattstjóri, Ólafur Nilsson skatteftirlitsstjóri og Jón Sigurðsson ráðuneytisstjóri.

Frv. þetta er I. liður ákvæða til bráðabirgða í frv. því, er nefndin flutti að beiðni fjármálaráðherra á þskj. 530, og er það flutt vegna þess, að þess er ekki að vænta, að frumvarpið á þskj. 530 verði lögfest á þessu þingi.

Nefndin mælir með því, að frv. verði samþ., en einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum, sem fram kunna að koma.

Í umræðum um mál þetta munu nefndarmenn gera grein fyrir sjónarmiðum sínum varðandi önnur frumvörp um breytingar á lögum um tekjuskatt og eignarskatt.

Alþingi, 22. apríl 1970.

Matthías Á. Mathiesen,  
form., frsm.  
Pálmi Jónsson.

Sigurður Ingimundarson,  
fundaskr.  
Vilhjálmur Hjálmarsson.  
Jóhann S. Hlíðar.

Þórarinn Þórarinsson.  
Lúðvík Jósefsson.